

Alþingi
Nefndarsvið
101 Reykjavík

TÞH/lS

Reykjavík 24.2.2023

Efni: Umsögn RARIK um þingskjal 678 – 536. mál - stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr.65/2003 (viðbótarkostnaður).

RARIK þakkar fyrir tækifæri til að koma að umsögn um ofangreint mál.

Meginefni frumvarpsins er eins og segir í greinargerð með frumvarpinu „...að skýra betur heimild dreifiveitna til að haga gjaldskrá sinni þannig að almennir notendur dreifikerfisins beri ekki kostnað ef ný tenging við kerfið veldur viðbótarkostnaði sem bundin er við þá tengingu. Með því verði tryggt að ekki leiki vafi á um forsendur gjaldtöku vegna þess viðbótarkostnaðar sem til fellur við tenginguna“.

RARIK fagnar frumvarpinu og telur þau ákvæði sem lagt er til að setja inn í lögina séu mikilvæg til að treysta grundvöll að gjaldskrá dreifiveitna og þeirri túlkun sem viðhöfð hefur verið varðandi kostnaðarþátttöku við tengingu nýrra viðskiptavina. Óvissa hefur ríkt um heimildir í tengigjaldskrá dreifiveitna til að rúka kostnað, umfram beinan tengikostnað, við tengingu stórra viðskiptavina sem taka upp stóran hluta af afkastagetu dreifikerfisins sem fyrir er og sem kallar á styrkingu þess strax eða fyrr en annars hefði verið. Óeðlilegt að ekki sé innheimt fyrir þann viðbótarkostnað sem það veldur og kostnaðinum sé varpað á aðra viðskiptavini.

Varðandi 1. gr. frumvarpsins

Í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að á eftir í 3. mgr. 17 gr. a. raforkulaganna um gjaldskrá dreifiveitna komi ný málsgrein sem fjalli um að dreifiveiturnar skuli í samráði við notendur setja almennar reglur um rekstur og stýringu raforkudreifingar sem Orkustofnun samþykkir. Í reglunum skuli m.a. kveða nánar um þau atriði sem skilgreind eru í 3. mgr. Hér er gert ráð fyrir að setja skuli almennar reglur eða netmála um rekstur og stýringu raforkudreifingar sem skilgreina skal í gjaldskrá veitnanna. Þannig er verið að skerpa á heimild veitunnar til að setja reglur til að stýra því hvernig orkudreifingu er háttað á hverjum tíma. Að mati RARIK er mjög mikilvægt og tímabært að setja þessa heimild inn í lögina. Í vaxandi mæli eru viðskiptavinir að framleiða raforku inn á dreifikerfið, sem veldur því að dreifiveitan getur ekki stjórnað rekstri dreifikerfisins, nema í samráði og með heimild til að hafa áhrif á framleiðslu hjá viðkomandi framleiðendum. Hjá mjög stórum viðskiptavinum og í ört vaxandi orkuskiptum í samgöngum vex einnig þörfin á að dreifiveitan hafi möguleika á að stýra álagi einstakra viðskiptavina, til að rekstur kerfisins sé eðlilegur og innan marka um spennu- og afhendingargæði og til að draga a.m.k. tímabundið úr fjárfestingaþörf sem lendir annars á öllum öðrum viðskiptavinum.

Spurningin er hins vegar hvort ekki þurfi að gefa heimild til þess að vera með einn samræmdan netmála/reglur sem gildi fyrir allar dreifiveitur. Eða er ætlast til að hver veita fyrir sig útbúi netmála fyrir sig. Í ljósi þess að einkaleyfisrekstur á raforkudreifingu er fremur einsleit starfsemi, þótt fyrirtækin séu sannarlega ólík og aðstæður þeirra sömuleiðis, þá væri heppilegast að netmálar væru eins eða mjög sambærilegir. Þetta mætti skýra betur. Einnig hvort þetta eigi ekki við um alla viðskiptavini, bæði þá sem tengdir eru fyrir og þá sem koma nýir í tengingu. Loks mætti skerpa á því hvaða lagagildi svona netmálar hafa. eru þeir hluti af gjaldskrá eða eru þeir ígildi reglugerðar?

Varðandi 2. gr. frumvarpsins

Í 2. gr. frumvarpsins er fjallað um kerfisframlag, þ.e. að „Standi væntanlegar tekjur dreifiveitu ekki undir eðlilegum stofn- eða rekstrarkostnaði vegna tengingar notanda samkvæmt gjaldskrá er heimilt að krefja hann um greiðslu viðbótar-kostnaðar. Sama á við hafi forsendur viðskipta breyst verulega“.

Eins og fram kemur hér að ofan telur RARIK það til mikilla bóta setja þetta ákvæði inn í lög til að treysta grundvöll að gjaldskrám dreifiveitna og þeirri túlkunar sem viðhöfð hefur verið varðandi kostnaðarþátttöku við tengingu nýrra viðskiptavina. Einstakir viðskiptavinir hafa ekki talið að þeim beri að taka þátt í öðrum kostnaði en hlýst beint af tengingu þeirra og óvissa hefur ríkt um heimildir í tengigjaldskrám dreifiveitna til að rukka kostnað, umfram beinan tengikostnað.

Viðskiptavinir sem þurfa mikla raforku og öflugar tengingar geta tekið upp stóran hluta af afkastagetu dreifikerfisins sem fyrir er, sem kallar á styrkingu þess strax eða fyrr en annars hefði verið. Á þetta bæði við um stóra raforkunotendur og raforkuframleiðendur sem tengjast dreifikerfinu. Óeðlilegt að þessir viðskiptavinir greiði ekki fyrir þann viðbótarkostnaði sem af tengingu þeirra hlýst, við styrkingu og/eða endurnýjun kerfisins og ekki er beinn tengikostnaður, heldur sé þeim kostnaði varpað á aðra viðskiptavini. Telur RARIK því mikla bót að þessari grein.

Virðingarfyllt,



Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri RARIK